

Unnur Garðarsdóttir

SKÝRSLA FRÁ HORNAFIRÐI

Skýrsla anga.

Skýrsla þessi er flutt fyrir hönd Skass, en svo köllum við samtök kvenna í Austur-Skaftafellssýslu. (Skass er einu starfandi samtökin í austurlandskjördæmi undir merki Kvinnalistsans og er því hæpið að tala um skýrslu Austurlandsanga.)

Starfsemi Skass frá síðasla landsfundi hefur einkennst af kosningaundirbúningi, kosningabaráttu vegna síðustu sveitastjórnarkosninga. Við vorum alltaf ákveðnar í því að bjóða fram til sveitastjórnar, vegna þess að fram til dagsins í dag hefur yfirleitt engin, en stundum ein kona, átt sæti í hreppsnefnd Hafnarhrepps. Mikil útbreidd óánægja var með störf síðustu hreppsnefndar og framboðsmál í byggðarlaginu mikið rædd manna á meðal. Ljóst varð af allri umræðunni að stór hópur kvenna og karla vildi mynda sterkan óháðan lista til mótvægis við hina hefðbundnu flokka. Skass kom fljótt inn í þessa umræðu. Eftir miklar vangaveltur og að mjög vel athuguðu máli ákváðum við að ganga til liðs við óháða framboðið sem seinna varð H-listinn. Kosningabaráttan var okkur góður skóli og þátttaka kvenna mikil. Baráttunni lauk svo með stórsigri H-listans og meirihlutasamstarfi í hreppsnefnd. Við fengum 1 Skass inn og annað Skass sem fyrsta varamann H-listans. Þannig að við eigum nú starfandi konur í hreppsnefnd og í allflestum nefndum. T.d. eru konur frá okkur formenn launanefndar, barnaverndarnefndar og félagsmálanefndar auk varaformanna í öðrum nefndum. Þess utan eru okkar konur í nefndum vegna sameiginlegra fyrirtækja sveitarfélaga í Austur-Skaftafellssýslu.

Í ljósi þess að markmið okkar með stofnun angans, var fyrst og fremst það, að auka þátttöku kvenna í málefnum heimabyggðar, erum við ánægðar með árangurinn. Árangurinn hefur ekki eingöngu komið fram í sveitarstjórnarkosningunum. Sem dæmi má nefna að ekki þykir lengur sjálfsagt að einungis karlmenn séu kosnir á

aðalfund kaupfélagsins, meira að segja hafa konur sl. 2 ár verið kjörnar annar tveggja fulltrúa kaupfélagsins á aðalfun SÍS og við endurskoðun á samþykktum kaupfélagsins voru 2 Sköss kvödd til starfa með framsóknarköllum.

Eftir alla vinnuna sem lögð var í kosningaundirbúninginn hófst tími sumarleyfa. Nú á haustdögum höfum við okkar laugardagsstundir eins og í fyrravetur. Ætlun okkar er að styðja við bakið á okkar kjörnu fulltrúum í nefndum sveitarfélagsins. T.d. fer að hefjast undirbúningsvinna fyrir fjárhagsáætlun næsta árs.

Við vorum svo heppnar að auk eldhússins í Nýjabæ, höfum við fengið læst herbergi til umráða fyrir okkar gögn og til vinnu.

Á næsta ári fara alþingiskosningar fram. Í tengslum við þær hafa konur sest niður, metið stöðu sína og þörfina á sérstöku kvennaframboði. Við Skass erum alfarið á þeirri skoðun að slíkt framboð sé bráðnauðsynlegt, þó ekki væri nema bara til þess að halda vakandi umræðu um jafnrétti kynjanna. Eins og við vitum er hreyfing kvenna á Suður- og Suðvesturlandi fjölmenn og sterk. Því miður á það ekki við um öll önnur kjördæmi. Sem orsök fyrir því mætti nefnda erfiðar samgöngur og fjarlægðir milli staða.

Eins og ég hef áður sat er Skass eini starfandi angi Kvennalistans í austurlandskjördæmi. Okkar kjarna mynda nú 15-20 konur. Sl. 2 ár höfum við misst a.m.k. 10 kraftmiklar konur, flestar starfandi í nefndum á vegum Hafnarhrepps. Á fundi sem hugsanlegt framboð til alþingiskosninga var tekin sú ákvörðun að taka ekki þátt í þeim, m.a. vegna þess að óhugsandi væri fyrir okkar litla anga að halda uppi merki listans fyrir allt austurlandskjördæmi sem spannar u.þ.b. 600 kílómetra. Landfræðilega erum við einnig verst settar til að ná til og byggja upp starf með konum í fjórðungnum, enda hefur eina tilraunin sem við gerðum til þess ekki borið árangur.

S K A S S